

Um úthlutun aflaheimilda í skötusel

Á vef Landssambands íslenskra útvegsmanna birtist á föstudag grein undir heitinu “Ábyrgar fiskveiðar eða vísvitandi ofveiði.” Er greinin hluti af ritröð Landssambands íslenskra útvegsmanna um veiðar á skötusel. Þessi grein á það sammerkt með annarri umfjöllun samtakanna, að reynt er að gera ótrúverðugt heimildarákvæði um veiðar á skötusel, sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mun veita, verði frumvarp til laga um stjórn fiskveiða samþykkt á Alþingi. Kemur þetta skýrt fram í lok greinarinnar: “*Verði ofangreint frumvarpsákvæði að lögum mun það valda orðspori Íslendinga miklu tjóni, enda fylgjast fiskkaupendur vel með því sem gerist í fiskveiðum okkar og fiskveiðistjórnun.*”

Umrætt heimildarákvæði hljóðar svo: “*Á fiskveiðiárunum 2009/2010 og 2010/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar, auk aflaheimilda sem úthlutað er á grundvelli laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, allt að 2.000 lestir af skötusel hvort fiskveiðiár.*”

Ráðuneytið vill af þessu tilefni taka fram eftirfarandi: Allar staðreyndir um þetta tímabundna heimildarákvæði varðandi skötusel koma m.a. fram í umræðum um frumvarpið á Alþingi og kynningu ráðuneytisins með sérstakri fréttatilkynningu sem er að finna á vef ráðuneytisins <http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/9826> ásamt grein sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skrifaði og birtist í nokkrum blöðum í desember sl. <http://www.bb.is/Pages/26?NewsID=141984>.

Það sem gerir það að verkum að ráðuneytið sér sig nú knúið til að grípa til andsvara er að grein þessi er rituð af stofnvistfræðingi hjá Landssamband íslenskra útvegsmanna.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason hefur við ýmis tækifæri, bæði í rituðu máli og á fundum m.a. með útgerðarmönnum, margítrekað að farið verði varlega þegar framangreint heimildarákvæði verður nýtt. Í tilvitnaðri blaðgrein, sem er frá því í desember segir ráðherra:

“Í þessu sambandi tiltek ég, að verði frumvarpið að lögum, mun væntanleg aflaukning, sem alls ekki liggur fyrir hver yrði, metin af varfærni þannig að tryggt sé að ekki hljóti óbætanlegur skaði af. Ég mun að sjálfsögðu leita álits sérfræðinga m.a. umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og ætla henni að meta sjálfstætt áhættuna af slíkri aukningu. Á sama hátt verða settar reglur um þessar veiðar sem tryggja góða umgengni við auðlindina.”


Tafla - Ráðgjöf, heildaraflamark og afli skötusels í tonnum, eftir fiskveiðiarum

Fiskveiðiar	A. Ráðgjöf Hafró	B. Ákvarðað heildaraflamark	Mismunur A – B =	Afli
2001/02	Engin ráðgjöf	1.500	1.101
2002/03	Óbreytt sókn	1.500	*261	1.363
2003/04	1.500	2.000	500	1.903
2004/05	1.500	2.000	500	2.420
2005/06	2.200	3.000	800	2.832
2006/07	2.200	3.000	800	2.672
2007/08	2.200	2.500	300	2.921
2008/09	2.500	3.000	500	3.400
2009/10	2.500	2.500		

* mismunur heildaraflamarks og afla 2001/02

Eins og kemur fram í ofangreindri töflu hafa sjávarútvegsráðherrar á þessu árabili án undantekninga úthlutað mun meiri aflaheimildum í skötusel en ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar gerði ráð fyrir. Á fiskveiðiarunum 2003/2009 hafa þeir að meðaltali tekið ákvörðun um úthlutun á 600 tonnum umfram ráðgjöf, sem gerir 30% að jafnaði. Væntanlega hefur þetta verið gert vegna eindreginna tilmæla útgerða og talið óhætt þar sem ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar hefur þótt varfærin m.v. í hve mikilli sókn stofninn hefur verið. Athyglisvert er einnig í þessu samhengi að Landssamband íslenskra útvegsmanna lagði til sl. sumar við ráðherra, að heildaraflamark skötusels yrði 3.000 tonn eða 500 tonn yfir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar.

Útbreiðsla skötusels við Ísland 1994-2006



Eins og sést á þessari mynd, sem fengin er úr gagnagrunni Hafrannsóknastofnunarinnar, þá hefur útbreiðsla skötusels tekið gríðarlegum breytingum undanfarinn einn og hálfan áratug eða svo. Líklegt er að breytingar á hitastigi sjávar ráði hér miklu. Eftir stendur síðan spurningin um innkomu þessa afar fullkomna ránfisks í lífríkið í kringum landið og hversu æskilegt það sé. Væntanlega mun Hafrannsóknastofnunin fylgjast vel með og efla rannsóknir á þessum merkilega fiski.

Til fróðlegs er hér gefinn tengill á norska heimasíðu þar sem fram koma áhugaverðar upplýsingar um skötuselinn og hegðun hans: <http://www.fredrikmyhre.webs.com/apps/blog/show/2251047>

Hér skal að endingu tekið fram, verði framangreint frumvarp að lögum, mun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Jón Bjarnason, að fenginni ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar, taka mið af aflamarksúthlutunum forvera sinna og heildarveiði undanfarinna ára, við ákvörðun á því magni af skötusel sem leyft yrði að veiða samkvæmt ákvæðum frumvarpsins fyrir fiskveiðiárið 2009/10.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu,
16. mars 2010